



## Fréttabréf forseta

Nóvember 2015

### Kæru formenn í Delta Kappa Gamma



Þá er afmælið okkar yfirstaðið og tókst að flestra mati frábærlega vel. Tæplega 90 konur mættu á hátíðadagskrána og voru þar fulltrúar frá öllum deildum nema tveimur. Mjög góður rómur var gerður

að málþinginu og þeim erindum sem þar voru flutt, ráðherra tók höfðinglega á móti okkur og kvölddagskráin heppnaðist með ágætum. Myndir frá afmælinu eru komnar í myndaalbúm á heimasíðunni og annað efni sem tengist afmælishaldinu má finna á síðunni **40 ára afmæli**.

#### Vetrarstarfið

Vetrarstarfið er komið á fullt hjá flestum deildum. Ég minni þó á að enn eiga nokkrar deildir eftir að senda mér **yfirlit yfir fundartíma vetrarins**. Ég hef hug á að heimsækja einhverjar deildanna núna á þessu starfsári (og hinar þá á því næsta) og til að ég geti skipulagt heimsóknirnar þarf ég að hafa áætlunina ykkar við hendina.

#### Árgjaldið

Væntanlega eru allar deildir núna búnar að innheimta árgjaldið (10.000 krónur) í sínum deildum og gjaldkeri búinn að koma því áfram til gjaldkera landsambandsins Jensínu Valdimarsdóttur ([jensina@lmi.is](mailto:jensina@lmi.is)) (nota Form 18) en 15. nóvember er síðasti dagur til að gera það. Í handbókinni okkar segir að ef félagskona greiði ekki félagsgjöld sín fyrir 1.nóvember missi hún rétt sinn til þátttöku. Þó við höfum ekki verið mjög strangar með þetta, er rétt að leggja áherslu á að svona eru reglurnar.

#### Breytingar á félagatali

Nú þegar sumar deildir eru að taka inn nýja féлага, minni ég á að tilkynna jafnóðum allar breytingar á félagatali til Sigríðar formanns Féлага- og útbreiðslunefndar. Senda þarf tilkynningu um nýjar félagskonur til alþjóðasamtakanna á netfangið [gloriam@dkg.org](mailto:gloriam@dkg.org) og til Jensínu gjaldkera samtakanna. Einnig þarf að muna eftir að uppfæra félagatal deildarinnar á heimasíðunni ykkar. Ef um flutning

milli deilda er að ræða þarf gjaldkeri deildar að fylla út Form Tr-A og senda á [gloriam@dkg.org](mailto:gloriam@dkg.org). Ef félagskona hættir alveg í félaginu þarf að senda Form 18A til Jensínu gjaldkera (sjá einnig pistil um breytingar í síðasta fréttabréfi).

#### Nefndarstörf

Nú eru nefndir teknar til starfa og m.a. er útgáfunefndin sem samanstendur af konum úr Kappa-deild farin að skipuleggja sína vinnu. Þið hafið væntanlega fengið frá þeim beiðni um pistil í fréttablaðið okkar og bið ég ykkur um að bregðast við þeirri beiðni fljótt og vel. Einnig að koma með ábendingar til þeirra ef þið vitið um áhugavert efni innan ykkar deilda.

#### Samskipti

Ég minni ykkur á Facebook síðu okkar og endilega verið duglegar að setja þar inn efni. Minnið líka féлага í ykkar deildum á að fá inngöngu á síðuna hafi þær ekki gert það nú þegar.

### Verum virkar – styrkjum starfið

#### Spil og/eða rós

Sú venja hefur skapast hjá flestum deildum að gefa gestum á fundum rós sem þakklætisvott fyrir t.d. fyrirlestur. Sjálfsagt er að halda því áfram en einnig má benda á að fallegu spilin okkar sem allar deildir ættu nú að vera komnar með einhvern lager af, er einnig falleg gestagjöf í staðinn fyrir rósina.

#### Styrkur

Golden Gift sjóðurinn styrkir konur til að sækja leiðtoganámskeið sem haldið er í Texas 17.–29. júlí 2016. Umsóknarfrestur er til 1. desember.

#### Uppstillingarnefnd

Í febrúar þarf uppstillingarnefnd hveurrar deildar að skila inn tillögum sínum að næstu deildarstjórn. Því er ágætt að huga fljótlega að því að velja konur í uppstillingarnefnd í deildunum.

**Bestu kveðjur!**

**Eygló, forseti DKG**